## Listasmiðja Bókasafns Kópavogs:

# Steinn og stál

Í Listastofu Bókasafns Kópavogs stendur nú yfir sýning á verkum eftir Grím M. Steindórsson er ber heitið Steinn og stál. Á sýningunni eru tuttugu verk sem unnin eru á síðustu tveimur árum og hafa ekki áður komið fyrir almenningssjónir. Þau eru úr stáli og steini, bæði vegg- og standmyndir.

Grímur M. Steindórsson hefur fengist við myndlist frá unga aldri. Hann fæddist 25. maí 1925 í Vestmannaeyjum en býr nú í Kópavogi þar sem hann hefur verið síðastliðin þrjátíu ár. Grímur sótti námskeið í Myndlistarskóla Reykjavíkur og hefur meðal annars notið handleiðslu Ásmundar Sveinssonar, Kjartans Guðjónssonar og Þorvaldar Skúlasonar.

Hann hefur tekið þátt í mörgum sýningum, síðast með Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum 1987. Grímur hefur fengið viðurkenningar fyrir verk sín og unnið í samkeppnum um listaverk.




Eitt verka Gríms M. Steindórssonar á sýningunni Steinn og stál.

## Kjarvalsstaðir:

# Halldór Ásgeirsson sýnir í austursal

Á morgun kl. 16.30 mun Halldór Ásgeirsson opna myndlistarsýningu í austursal og á gangi Kjarvalsstaða.



Halldór Ásgeirsson.

Myndlist Halldórs byggist á sjónrænu hugarflæði sem hann skráir ósjálfrátt niður. Efniviðurinn er tekinn úr umhverfi og lífsreynslu listamannsins hverju sinni og eru meðal annars ferðalög ríkur þáttur í hinni sjónrænu upplifun, hvort sem auga og penni ferðast um óbyggðir Íslands eða sigla upp ána Níl.

Þegar kemur að úrvinnslu hugmyndanna staldrar Halldór við, ígrundar efni og form gaumgæfilega þar til teikningarnar, sem hann skeytir saman á ólíkan hátt, falla inn í efnið. Verkin eru máluð á pappír eða léreft, skorin út eða höggvin í tré. Þar finnast bein og sviðin hurð, svart flauel, brotið gler o.fl. Sum myndverkin eru samsett úr ólíkum efnum og spanna bæði vegg og gólf.

Halldór Ásgeirsson er fæddur 1956 og nam myndlist við Parísarháskóla nr. 8 á árunum 1977–80 og 1983–86. Þetta er sjötta einkasýning Halldórs á Íslandi en hann hefur sýnt og starfað að myndlist undanfarin ár bæði heima og erlendis.



Tvær sýningar verða hjá Leikfélagi Reykjavíkur í lðnó um helgina á Sveitasinfóníunni eftir Ragnar Arndals. Sú fyrri í kvöld og síðari á sunnudaginn. Góð aðsókn hefur verið að sýningunni og gerður að henni góður rómur. Þá verður sýning á Sjang-Eng á laugardagskvöld. Á myndinni er Örn Árnason í hlutverki sínu í Sveitasinfónían



Ævintýri Hoffmanns er viðamesta verkefni Þjóðleikhússins á þessum vetri.

## Þjóðleikhúsið:

# Ævintýri Hoffmanns

Brösuglega hefur gengið að halda úti sýningum á Ævintýrum Hoffmans. Hefur orðið að fresta sýningum hvað eftir annað vegna ófyrirsjáanlegra orsaka. Sýningar hófust aftur um síðustu helgi og verða næstu sýningar í kvöld, laugardag og sunnudag. Aukasýningum hefur verið bætt við sýningarskrána vegna allra þeirra sýninga sem fella hefur þurft niður.

Ein breyting hefur orðið. Kristinn Sigmundsson hefur tekið við hlutverki Lindorfs leyndarráðs í stað Guðjóns Óskarssonar sem farinn er til útlanda. Kristinn syngur jafnframt þrjú önnur einsöngshlutverk, Coppelius í 1. þætti, Dapertutto í 2. þætti og Doktor Miracle í þeim þriðja.

# Ferðalög

### Ferðafélag Íslands

**Dagferðir sunnudaginn 29. jan.:**
**1. kl. 13: Skíðaganga í Bláfjöllum.**
**2. Kl. 13: Lambafell – Lambafellshnúkur, gönguferð.**
Í skíðagönguferðinni verður ekið að þjónustumiðstöðinni í Bláfjöllum og gengið þaðan en gönguhópurinn ekur áfram í Þrengslin og þar hefst ganga. Verð kr. 600. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn að 15 ára aldri. Ferðaáætlun fyrir árið 1989 er komin út. Næsta myndakvöld Ferðafélagsins verður í Sóknarsalnum miðvikudaginn 8. febrúar.

### Útivistarferðir

**Þorrablótsferð í Skóga 27.–29. jan.**
Gist í nýju félagsheimili. Fjölbreyttar göngu- og skoðunarferðir undir Eyjafjöllum og í Mýrdal. Sundlaug í nágrenninu. Byggðasafnið skoðað. Þorrablót Útivistar og kvöldvaka á laugardagskvöldinu. Farastjórar: Kristján M. Baldursson og Lovísa Christiansen sem jafnframt er veislustjóri þorrablótsins. Nokkur sæti laus vegna forfalla. Uppl. og farm. á skrifst., Grófinni 1, símar 14606 og 23732.
**Sunnudagsferð 29. jan. kl. 13.**
**Gömul verleið: Hraunssandur – Þórkötlustaðanes – Hópsnes.** Gengið með ströndinni að austan til Grindavíkur. Skemmtileg leið. Óvenjumikið fuglalíf. Komið við hjá strandstað danska flutningaskipsins. Verð 900 kr. frítt f. börn m. fullorðnum. Brottför frá BSÍ, bensínsölu. Gullfossferð er frestað þar til klaki er kominn á fossinn. Munið árshátíð Útivistar 18. febr. í Skíðaskálanum í Hveradölum.

# Tilkynningar

### Kvennalistinn

Opið hús laugardaginn 28. janúar. Dagskrá frá kl. 11. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir talar um hugmyndafræði. Allir velkomnir.

### Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 28. janúar. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Hvort sem er á stjörnubjörtum morgni á þorra eða í vetrarham er jafngott að hittast á góðravinafundi á Digranesveginum og drekka saman nýlagað molakaffi og rölta síðan um bæinn. Laugardagsgangan er fyrir alla, unga og eldri.

### Húnvetningafélagið

Spilað verður á morgun, laugardag, kl. 14 í Húnabúð, Skeifunni 17. Allir velkomnir. Árshátíð félagsins verður í Glæsibæ 4. febrúar.

### Neskirkja – félagsstarf aldraðra

Samverustund verður á morgun, laugardag, kl. 15 í safnaðarsal kirkjunnar. Þorramatur. Gestur er Árni Björnsson þjóðháttafræðingur.

### Í Mokkakaffi,

**Skólavörðustíg**
sýnir Guðmundur Thoroddsen vatnslitamyndir. Sýningin ber nafnið Einlýsingar eftir einni myndröðinni. Sýningin er opin virka daga kl. 16–20 og um helgar kl. 14–20 og stendur hún til 29. janúar. Þetta er áttunda einkasýning Guðmundar.

### Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns,

**Einholti 4**
er opið á sunnudögum kl. 14–16.

### Norræna húsið

**v/Hringbraut**
Víkingar í Jórvík og vesturvegi nefnist sýning í Norræna húsinu og Þjóðminjasafninu. Þetta er fyrsta stóra víkingasýningin sem haldin er á Íslandi. Mikill hluti sýningarefnisins kemur frá Jórvík eða York á Englandi. Sýningin í Norræna húsinu byggist á gripum frá Jórvík. Hún stendur til 3. apríl. Þá verður opnuð á morgun sýningin Börn norðursins (Children of the North). Er þarna um að ræða sýningu á myndskreytingum úr norrænum barnabókum.

### Nýhöfn,

**Hafnarstræti 18**
Kristín Þorkelsdóttir sýnir verk sín í listasalnum Nýhöfn. Á sýningunni, sem ber yfirskriftina Birta, eru vatnslitamyndir málaðar á árunum 1987–88. Myndir sínar málar Kristín úti í náttúrunni í öllum veðrum. Þetta er fjórða einkasýning Kristínar en hún hefur einnig tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga kl. 10–18 og um helgar kl. 14–18. Henni lýkur 8. febrúar.

### Stofnun Árna Magnússonar

Handritasýning Stofnunar Árna Magnússonar er í Árnagarði við Suðurgötu á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 14–16.

### Póst- og símaminjasafnið,

**Austurgötu 11**
Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

### Sjóminjasafn Íslands,

**Vesturgötu 8,**
**Hafnarfirði**
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14–18.

### Vinnustofa Ríkeyjar,

**Hverfisgötu**
Til sýnis og sölu postulínslágmyndir, málverk og ýmsir litlir hlutir. Opið á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og á laugardögum kl. 10–16.

### Þjóðminjasafnið

Opið þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 11–16. Sýningin Víkingar í Jórvík og vesturvegi stendur yfir þar.

### Myndlistarsýning í SPRON

Sunnudaginn 29. janúar kl. 14–17 mun verða opnuð myndlistarsýning í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, útibúinu Álfabakka 14, Breiðholti. Sýnd verða verk eftir Sigurð Þóri Sigurðsson. Sýningin verður opin frá mánudegi til fimmtudags kl. 9.15–16 og föstudaga kl. 9.15–18. Sýningin, sem er sölusýning, stendur til 31. mars.

## Kvikmyndir

### Ný sovésk kvikmynd í MÍR

Vegna illviðris og ófærðar varð að fella niður kvikmyndasýningu í bíósal MÍR, Vatnsstíg 10, sl. sunnudag. Kvikmyndin, sem þá átti að sýna, hin umtalaða og umdeilda sovéska mynd Pisma mjortava tsjelovéka (Bréf látins manns), verður því sýnd á sunnudaginn kemur, 29. janúar, kl. 16. Myndin er með skýringartali á ensku. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Aðgangur ókeypis.

## Tónleikar




### Musica Nova – ný tónlist fyrir tvö píanó

Sunnudaginn 29. janúar halda píanóleikararnir Ástmar Ólafsson og Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir tónleika á vegum Musica Nova í Norræna húsinu kl. 20.30. Þar munu þau flytja tuttugustu aldar tónlist fyrir tvö píanó. Á efnisskránni eru verk eftir Lennox Berkeley, Benjamin Britten, Mariko Kabe, Willem Pijper og nýtt verk eftir John Speight sem hann samdi sérstaklega fyrir þau

### Orgeltónleikar í Fríkirkjunni

Nk. sunnudag, 29. janúar, kl. 17 stendur Listvinafélag Hallgrímskirkju fyrir orgeltónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík. Hörður Áskelsson, organisti Hallgrímskirkju, leikur íslenska og franska orgeltónlist. Þessir tónleikar áttu upphaflega að vera í Kristskirkju en vegna viðgerða á orgelinu þar voru þeir fluttir í Fríkirkjuna. Allur aðgangseyrir rennur í orgelsjóð Hallgrímskirkju. Aðgöngumiðar verða seldir við innganginn.



### Tónleikar í Gerðubergi

Söngfélagar 1 & 8 (einn og átta) syngja í Gerðubergi í Breiðholti sunnudaginn 29. janúar nk. kl. 16. Á söngskránni eru bæði íslensk og erlend lög. Söngstjóri hópsins er Helgi R. Einarsson, en undirleikari Áslaug Bergsteinsdóttir. Miðasala við innganginn.

# Leikhús

### Alþýðuleikhúsið

sýnir leikritið **Koss kóngulóarkonunnar** á laugardagskvöld kl. 20.30 og sunnudag kl. 16. Leikrit þetta hefur verið sýnt við góðar undirtektir síðan í október og er þetta næstsíðasta sýningarhelgi.

### Nemendaleikhúsið

sýnir **Og mærin fór í dansinn** eftir Debbie Horsfield á laugardags- og sunnudagskvöld kl. 20 í Lindarbæ.

### Þjóðleikhúsið

**Fjalla-Eyvindur og kona hans** sýnd á stóra sviðinu í kvöld kl. 20.
**Ævintýri Hoffmanns,** ópera eftir Offenbach, sýnd í kvöld, laugardags- og sunnudagskvöld kl. 20.
**Óvitar,** barnaleikrit eftir Guðrúnu Helgadóttur, verða frumsýndir á laugardag kl. 14. 2. sýning á sunnudag kl. 14.

### Leikfélag Reykjavíkur

**Sveitasinfónía** eftir Ragnar Arnalds. Sýningar í kvöld og á sunnudagskvöld kl. 20.30.
**Heimsmeistarakeppnin í maraþondansi,** söngleikur eftir Ray Herman, sýndur á Broadway í kvöld og á laugardagskvöld kl. 20.30. Síðasta sýningarhelgi.

### Gríniðjan hf.

sýnir **N.Ö.R.D. í Íslensku óperunni, Gamla bíói, á laugardagskvöld kl. 20.30. Aðeins tvær sýningarhelgar eftir.**

### Leikfélag Hafnarfjarðar

sýnir gamanleikinn **Allt í misgripum í kvöld og á laugardagskvöldið kl. 20.30.**